

Föstudaginn 14. febrúar 1997.

Nr. 62/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Jóhann Hauksson deildarlögfræðingur)

gegn

Rúnari Kolbeini Óskarssyni

(Pétur Gautur Kristjánsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. febrúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 10. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. febrúar 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 7. mars nk. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til þess, sem greinir í hinum kærða úrskurði um atvik málsins, er fullnægt skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 fyrir gæsluvarðhaldi yfir varnaraðila. Þegar af þeirri ástæðu verður úrskurður héraðsdóms staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. febrúar 1997.

Ár 1997, föstudaginn 7. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. og a- og b-liðar 1. mgr. sömu greinar laga nr. 19/1991 um meðferð opin-

berra mála, að Rúnari Kolbeini Óskarssyni, kt. 250757-4179, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til kl. 16 föstudaginn 7. mars 1997 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a og b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Rannsókn ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, sem hófst við handtöku tveggja Hollendinga 11. desember sl., þar sem hald var lagt á um 10 kg af hassi, leiddi til þess, að húsleit var gerð á heimili systur kærða, en kærði hafði dvalist þar á heimilinu um nokkurt skeið. Við húsleitina fundust um 8,5 kg af hassi, um 250 g af amfetamíni og 480 e-töflur (MDMA). Auk þess fundust tæp 2 kg af hassi á öðrum dvalarstað kærða hér í borg.

Kærði hefur játað að hafa haft vörslur framangreindra 8,5 kg af hassi, er í íbúðinni voru, en segir, að annar Hollendinganna, Albart Jan van Houten, hafi átt efnið. Þá hefur kærði játað að hafa veitt viðtöku 6 kg af hassi af Albart Jan skömmu fyrir handtöku Hollendinganna í desember sl. Einnig hefur hann játað að hafa tekið við fyrrnefndum 480 e-töflunum og 300 grömmum af amfetamíni af fyrrum sambýliskonu sinni. Lögreglu grunar, að kærði eigi einnig aðild að dreifingu á verulegu magni þeirra fíkniefna, sem rannsókn tekur til, en kærði kveður einungis vera um smáræði að tefla.

Með úrskurði, upp kveðnum 13. desember sl., var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 10. janúar sl., en þann dag var gæsluvarðhald hans framleingt til dagsins í dag.

Vísar lögregla til þess, að til rannsóknar sé umfangsmikið fíkniefnamál, þar sem flutt hafi verið til landsins 25 kg af hassi, 3 kg af amfetamíni og allt að 1.500 e-töflur. Hald hafi verið lagt á meira en 20 kg af fíkniefnum, og margir aðilar tengist málinu. Þá sé brot kærða þess eðlis, að það kunni að varða við 173. gr. a og b almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framansögðu er kærði undir rökstuddum grun um brot gegn 173. gr. a og b almennra hegningarlaga. Styður lögregla gæsluvarðhaldskröfu sína einkum við 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, en einnig við a- og b-lið 1. mgr. sömu lagagreinar.

Brot þau, sem kærði er grunaður um og hann hefur þegar játað aðild að, eru stórfelld. Rannsókn málsins er ekki lokið, en af hálfu rannsóknara hefur verið upplýst, að fyrir dyrum standi að fara til Hollands síðar í þessum mánuði til að taka skýrslur af þarlandu fólki, sem talið er tengjast málinu, og afla þar frekari sakargagna. Þegar litið er til umfangs málsins og þess, hve mikill þáttur kærða er í því, þykir rétt með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og einnig með skírskotun til a- og b-liðar 1. mgr. sömu lagagreinar að verða við kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um framhald gæsluvarðhalds yfir kærða, svo sem krafist er og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Rúnar Kolbeinn Óskarsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16 í dag, allt til föstudagsins 7. mars nk. kl. 16.
